

**Kennsluáætlun****Smíði í 2. bekk**

Í smíði eru fjórar kennslustundir á viku fjórðung úr vetri í 2. bekk. Kennari er Katrín Lea Hjálmarsdóttir.

**Vinnulag**

Nemendur byrja á að vinna skilduverkefni eftir það fá nemendur þjálfun í að vinna hugmynd sína, koma henni frá sér í formi skissu eða vinnuteikningar sem svo er smíðað eftir. Þannig fá nemendur þjálfun í að fylgja hugmyndum sínum eftir allt frá hugmynd að lokaafurð.

Meginviðfangsefni skólaársins eru að nemendur læri örugga meðferð verkfæra og góða umgengni í smíðastofunni; góða líkamsbeitingu við vinnu; notkun á viðeigandi verkfærum.

**Vinnuáætlun**

Viðfangsefni	Námsefni/gögn	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
<b>Handverkspættir</b>	Efni frá kennara og hugmyndir af veraldarvefnum. Ýmis handverkfæri, laufsög, sandpappír, spónaplötur, blöð, ritföng, trélitir og akrílmálning, MDF viður, krossviður, greinar. Nemendur kynnast hugmyndavinnu, skissuteikningum og mála.	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þjálfist í handverkfærum, s.s. laufsög, þjöl, sandpappír og þekki nöfnin á þeim.</li> <li>• Þekki helstu smíðaeefni sem þau nota</li> </ul>	Leiðsagnarmat, nemendur fá endurgjöf og leiðsögn meðan unnið er. Mat á eigin verkum.
<b>Samskipti/samvinna</b>		<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi.</li> </ul>	

		<ul style="list-style-type: none"><li>• Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.</li><li>• Sýnt nokkuð örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.</li></ul>	
--	--	--	--

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is.

### **Námsmat**

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Katrín Lea Hjálmarsdóttir